

14. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóvember 1917, um áveitu á Flóann.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1 gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitusvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast, til þess að áveitan komi að fullum notum og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins.

2. gr.

Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd_manna, er geri tillögur um hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðinga til eftir því, sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sjerfræðingum greiðist úr rikissjóði.

3. gr.

Ákvæði laga nr. 68, 14. nóvember 1917, um áveitu á Flóann, ná til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

4. gr.

Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skifta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á næsta vori eða sumri er búist við, að lokið verði við Flóaáveituna, svo að veita megi á, og allviða munu þá einnig verða komnir flóðgardar, svo að mikið gagn verði að áveitunni. En til þess að bændur á áveitusvæðinu geti notfært sjer væntanlegan grasauka þarf ýmislegt fleira en sjálfa áveituna. Má þar til nefna vegi um áveitusvæðið, svo að fært sje að koma afurðum frá sjer á aðalveg. Vitaskuld verður ekki til þess ætlast, að hið opinbera annist vegagerð heim að hverju býli, en aftur á móti verður ekki sagt, að hið opinbera skiljist nægilega vel við þetta stærsta landbúnaðarfyrirtæki, sem stofnað hefir verið til hjer á landi, nema veganet sje lagt þar, þannig að ekki megi ókleyft teljast hverjum einstökum að leggja veg heim til sin eða flytja afurðir á veg.

Ef Fóaáveitan hepnast eins og flestir munu gera sjer von um, er ekki efi á því, að mjólkurframleiðsla eykst mjög á áveitusvæðinu og þarf þá að sjá fyrir, að unt sje að koma miólkinni í peninga. Hversu það megi best verða er enn órannsakað mál, en einsætt virðist, að til þess þurfi sameiginlegt eða sameiginleg mjólkurbú, er ýmist eða annaðhvort vinni úr henni rjóma, smjör eða osta. Mikið álitamál er, hvar bú þessi skuli vera og hvort þau skuli vera eitt eða fleiri. Þarf að rannsaka það mál vandlega og ekki siður gæta þess, að bú það eða þau, sem bygd kynnu að verða, verði með haganlegri nýtlisgerð og ekki dýrari en þörf er á. Ekki virðist ólíklegt, að vegaköflum verði að haga eftir því hvar og hve mörg búin verða.

Það er nú tilgangur þessa frv., bæði að tryggja það, að nauðsynleg rannsókn fari fram í umræddum efnunum, og að heimila stjórninni nauðsynlegar framkvæmdir, eftir niðurstöðu rannsóknanna.

Þess má geta, að vegamálastjóri hefir þegar unnið talsvert að rannsóknum á vegakerfi á áveitusvæðinu og að stjórnin hefir gert ráðstafanir til þess að tryggja aðstoð fagmanna í Danmörku, að því er mjólkurbú snertir.

Stjórninni er það vitaskuld ljóst, að til þess að Flóaáveitan komi að fullum notum þarf að bæta samgöngurnar milli Reykjavíkur og áveitusvæðisins, en um það atriði verður ekki rætt í þessu sambandi. Vel má og vera, að einhverjar aðrar framkvæmdir en hjer hafa verið nefndar, verði að teljast nauðsynlegar og falla þær þá undir heimild frumvarpsins.

Í 1. gr. frv. felst að sjálfsögðu heimild fyrir landsstjórnina til þess að greiða úr rikissjóði þann styrk til mannvirkjanna, sem samningar segja til og í 3. gr. felst heimild til að telja sem áveitukostnað það framlag áveitusvæðisbúa, sem samningar takast um.

Frekari skýringa virðist frv. þetta ekki þurfa.